

Fundargerð 920. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 17. mars kl. 12:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Helgi Kjartansson, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Walter Fannar Kristjánsson. Í fjarfundarsambandi voru Guðmundur Ari Sigurjónsson, og Jón Björn Hákonarson.

Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll og varafulltrúi hennar Helgi Kjartansson sat fundinn í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Staða kjaramála - 2301032SA

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins og Helgi Aðalsteinsson sérfræðingur á kjarasviði gerðu grein fyrir stöðu kjaramála í mars 2023.

Inga Rún Ólafsdóttir og Helgi Aðalsteinsson viku af fundi kl. 12:50.

2. Fjölgun NPA samninga á árinu 2023 - 2303011SA

Lagt fram bréf félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 23. febrúar 2023, um fjölgun NPA samninga á árinu 2023. Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, gerði grein fyrir málinu. Í máli hans kom fram að vinna er í gangi og líkur á jákvæðri niðurstöðu á næstu vikum.

Stjórnin þakkar þær skýringar sem fram komu á fundinum og óskar eftir því að endanlegar tillögur um fjölgun NPA-samninga verði kynntar á fundi stjórnar sem haldinn verður 30. mars n.k.

Valur R. Halldórsson, Guðjón Bragason og Anna G. Björnsdóttir viku af fundi kl. 13:00.

3. Ráðning framkvæmdastjóra sambandsins - 2301047SA

Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir og Ólafía B. Rafnsdóttir, ráðgjafar Attentus, komu inn á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir verklagi Attentus við ráðningu framkvæmdastjóra þar sem lögð er áhersla á hlutlægar og faglegar aðferðir við mat á umsækjendum.

Fundi var slitið kl. 14:00